

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2001/EES/46/35

frá 18 janúar 2000

um breytingu á ákvörðun 96/627/EB um framkvæmd 2. gr. tilskipunar ráðsins 77/311/EBE varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 3546)

(2000/63/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽¹⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB⁽²⁾, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Það hefur reynst tæknilega ókleift, að því er varðar nánast allar dráttarvélar án stýrishúss, að standa við eindaga aðlögunartímabilsins sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/627/EB⁽³⁾. Þegar þannig háttar til er nauðsynlegt að framlengja lok aðlögunartímabilsins, sem mælt er fyrir um í þeirri ákvörðun, vegna þessara ökutækja.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. gr. tilskipunar 96/627/EB komi eftirfarandi:

„1. gr.

Aðlögunartímabilinu, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 77/311/EBE, skal ljúka:

- 1. október 2001 vegna allra nýrra gerða af dráttarvélum,
- 1. október 2003 vegna allra nýrra dráttarvéla.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 30. september 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. janúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 22, 27.1.2000, bls. 66, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2000 frá 2. október 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 59, 14.12.2000, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 105, 28.4.1977, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 72.